

## Samningur um umsjón náttúruvættisins Blábjarga í Berufirði

1. gr.

### *Samningsaðilar.*

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Auðbergur Jónsson, kt. 160343-3469 og Katrín Kristín B. Gísladóttir, kt. 051245-2029, eigendur jarðarinnar Fagrahvamms gera með sér samning um umsjón náttúruvættisins Blábjarga í samræmi við 30. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er náttúruvætti.

2. gr.

### *Markmið samningsins.*

Markmið samningsins er að umsjón náttúruvættisins Blábjarga verði í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta náttúruvættis sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Blábjörg, sérstæðar jarðmyndanir sem hafa hátt fræðslu- og vísindagildi.

3. gr.

### *Mörk verndarsvæðisins.*

Mörk náttúruvættisins miðast við læk sem rennur undir þjóðveg og beint til sjávar á Langasandi sem teygir sig í suðurs frá Blábjörgum. Mörk svæðisins í norður er jaðar flikrúbergisins við sjó og þaðan beina línu að þjóðvegi. Þjóðvegurinn og helgunarsvæði hans afmarkar mörk svæðisins í austur og sjórinn afmarkar svo mörk svæðisins í vestur.

4. gr.

### *Verndar- og stjórnunaráætlun.*

Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra hagsmunaaðila, skal vinna að gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

### *Umsjón með náttúruvættinu.*

Landeigendur sjá um daglega umsjón náttúruvættisins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að annast um að svæðið líti vel út, rusl sé fjarlæggt og eftirlit sé haft með því að verndargildi svæðisins rými ekki. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar. Ef upp koma aðstæður sem kalla á sérstakan rekstur innan svæðisins þá munu Umhverfisstofnun og samningsaðilar ræða það sérstaklega m.t.t. kostnaðar og útfærslu.

6. gr.

### *Fræðsla.*

Umhverfisstofnun sér um útgáfu fræðsluefnis um náttúruvættið, svo sem skilta og bæklinga, í samráði við landeigendur og kostar hana.

7. gr.

*Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.*

Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum innan marka náttúruvættisins nema vegna verndaraðgerða. Mannvirkjagerð og jarðrask innan marka friðlýsta svæðisins er óheimil nema með leyfi landeigenda, Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins Djúpavogshrepps. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun.

8. gr.

*Skipting kostnaðar og gjaldtaka.*

Umhverfisstofnun eða umsjónaraðila er heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir veitta þjónustu, svo sem fyrir leiðsögn um náttúruvættið, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd, og skal því varið til verndunar- og varðveisluaðgerða innan náttúruvættisins.

9. gr.

*Skýrslugerð.*

Umsjónaraðilar skulu gefa Umhverfisstofnun skýrslu í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand náttúruvættisins, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi náttúruvættið.

10. gr.

*Eftirlit Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónaraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruvættið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 3. ml. 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndar- og stjórnunaráætlun.

11. gr.

*Gildistími og gildistaka.*

Gildistími samnings þessa fyrir náttúruvættið Blábjörg er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra. Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.

12. gr.

*Ákvæði um endurskoðun.*

Hver samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 5 árum liðnum.

13. gr.


*Meðferð ágreiningsmála.*


Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfisráðherra um framkvæmd laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er heimilt að kæra ákvörðunina til umhverfisráðherra, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd.

Djúpavogshreppi, 28. nóvember 2012

F.h. Umhverfisstofnunar


F.h. Landeigenda Fagrahvamms

  
Sigrún Agútsdóttir  
sviðsstjóri


  
Auðbergur Jónsson


  
Katrín Kristín B. Gísladóttir

Staðfesting umhverfisráðherra

  
Svandís Svavarsdóttir  
ráðherra

Vottar:

  
UGNUNJ HERVAR 210175-2279

  
Auðbergur Jónsson 270369-4469

Umhverfisstofnun  
Ab. AKÓ ÖM3 SA  
30. nóv. 2012  
9.3  
Tilv. VST2012/20001/3